

Moodle, fyrstu leiðbeiningar fyrir nemendur:

Kennslukerfið okkar er hýst í Moodle og lítum við á það sem skóla í netheimum. Þar á hver áfangi sitt svæði og að auki er þar *Marmarinn* sem allir fjarnemendur okkar hafa aðgang að. Marmarinn er nokkurs konar miðrymi skólans í netheimum og þar eru ýmsar upplýsingar fyrir fjarnemendur, auk þess sem fjarnemendur geta þar verið í samskiptum við aðra fjarnemendur og fjarnámsstjóra.


Þegar þú kemur inn í kennslukerfið, kemur fram þitt **heimasvæði**: Í miðjunni er aðalsvæðið og þar koma þínir áfangar fram: Marmarinn og áfanginn/áfangarnir sem þú valdir. Smelltu á áfanga og skoðaðu.

The screenshot displays the Moodle user interface for Verzlunarskóli Íslands. The main content area shows the user's profile 'Marmarinn' (Sigurlaug Kristmannsdóttir) and a list of courses, including 'Lífæra- og lífælisfræði mannsins 103'. Red arrows point to the course name and the user's name. The left sidebar contains navigation options like 'Heim', 'Stikla', and 'Stillingar'. The right sidebar shows a calendar for January 2012 and a login section.


Til vinstri á heimasvæði þínu er **Stikla**, þú getur alltaf komist aftur á þitt heimasvæði með því að ýta þar á *Heim*. Smelltu á *Heimasvæði* og þá sérðu áfangana þína og að auki óleyst verkefni ef einhver eru:

The close-up screenshot shows the 'Stikla' menu on the left with 'Heimasvæði' highlighted by a red arrow. The main content area shows the 'YFIRLIT ÁFANGA' (Course Overview) for 'MARMARINN' and 'LÍFFÆRA- OG LÍFÆLISFRÆÐI MANNSINS 103'.


Skoðaðu því næst **Síður vefsins**, þar sérðu *Blogg*, *Tög* og *Dagatal*. Tög eru áhugamál notenda kennslukerfisins og þú getur skráð þín áhugamál ef þú vilt (sjá síðar):




Í **Mín skráning** getur þú skoðað persónuupplýsingar sem kerfið er með um þig (*Skoða skrá í sprettlugga*). Þar getur þú líkað skoða innlegg þín í umræður og blogg.




Ef þú smellir á **Skilaboði** getur þú sent öllum sem hafa aðgang að kennslukerfinu skilaboð, settu nafn viðkomandi í auða gluggann og smelltu á *Leita eftir fólki og skilaboðum*. Birtast þá nöfn allra sem uppfylla leitarorð þitt, smelltu á nafn þess sem þú vilt senda skilaboð. Þarna getur þú líka séð skilaboð sem hafa farið á milli ykkar áður, ef einhver eru:




Ef þú velur **Einkaskrár**, þá getur þú sótt skrár í tölvuna þína og vistað á þínu svæði í kennslukerfinu, enginn annar en þú hefur aðgang að því svæði. Þarna gætir þú t.d. vistað drög að verkefnum sem þú átt eftir að skila og ætlar að vinna með síðar.




Að síðustu getur þú séð þína áfanga neðst í Stiklunni:



Undir Stiklunni er svæði sem nefnist **Stillingar**, þar getur þú haft áhrif á þínar stillingar, t.d. breytt notendaskilgreiningum þínum, lykilorði og því hvernig tilkynningar berast þér:



Smelltu á **Breyta notendaskilgreiningum** og skoðuðu hverju þú getur breytt þar. Taktu eftir að þar getur þú valið sjálfgefið tungumál, það skal tekið fram að um 80% af kerfisupplýsingum hafa verið þýddar á íslensku.



Þarna getur þú líka sett inn mynd af þér (smelltu á veldu skrá) og skráð inn áhugamál og munu þau þá birtast sem *Tög* til hægri á síðunni. Að lokum þarf svo að vista upplýsingar með því að smella á *Uppfæra notendaskilgreiningu*.

The screenshot shows a user profile editing interface. The top section is titled "Mynd af notanda" (Profile picture) and contains the following elements: "Núverandi mynd" (Current picture) set to "Ekkert" (None), an "Eyða" (Delete) button, and a "Ný mynd" (New picture) section with a "Veldu skrá..." (Select file...) button and a file size limit of "Hámarksstærð nýrra skráa: 200MB". Below this is a blue bar indicating "Engin viðhengi" (No attachments) and a text input field for "Lýsing á mynd" (Caption for picture). The bottom section is titled "Áhugamál" (Interests) and features a "Listi yfir áhugamál" (List of interests) with a help icon and a text input field containing "Útivera". Red arrows point to the "Mynd af notanda" title, the "Veldu skrá..." button, and the "Listi yfir áhugamál" label.

Til hægri á síðunni eru síðan efnisþættir eins og *Dagatal*, *Einkaskrár*, *Innskráðir notendur*, *skilaboð* og *Tög* (áhugamál).

Látum þetta duga í bili, meira efni um uppbyggingu áfanga, möguleika á samskiptum og fleira sendi ég ykkur síðar.

Gangi þér vel!